

Ed.

738. Breytingartillögur

[48. mál]

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 4. gr. Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Skipamálastofnun.
2. Við 8. gr. Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í greininni og hvarvetna síðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): skipamálastjóri.
3. Við 38. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, sem orðist svo:
Að hirta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.
4. Við 44. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skipar 5 menn í rannsóknarnefnd sjóslysa, til 6 ára í senn, fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands isl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Slysavarnarfélags Íslands, og formann, sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Hlutverk rannsóknarnefndar sjóslysa er að fylgjast eftir föngum með starfi sjódoma, safna saman upplýsingum, sem skýrt geta eða upplýst orsakir sjóslysa, miðla slíkum upplýsingum til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr slyshættu á sjó.

Rannsóknarnefnd sjóslysa ræður í þjónustu sína siglingafróðan mann, sem hefur það verkefni að upplýsa orsakir sjóslysa og koma á framfæri leiðbeiningum um slysavarnir og varúðarráðstafanir.

Ber starfsmanni nefndarinnar að mæta við sjópróf, ef um er að ræða manntjón eða veruleg meiðsli manna. Skal starfsmaður í samráði við nefndina og skólastjóra sjómannaskóla landsins skipuleggja meðal sjómannaefna kennslu í slysavörnum, er miðist við að skýra helztu orsakir sjóslysa hér við land og hvernig unnt sé að forðast þau. Verksvið starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa ákvarðast nánar með reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Ráðherra ákveður laun starfsmanns rannsóknarnefndar sjóslysa að fengnum tillögum nefndarinnar. Ferðakostnaður starfsmanns og önnur nauðsynleg útgjöld rannsóknarnefndar sjóslysa greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.